

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Selfossi, 26. júní 2025
UOS2502032/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði – Kröfur um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs dagsett þann 23.5.2025 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram 26.5.2025.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur, reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Plöntuverndarvörurnar Stomp Aqua, Neem Azal-T/S, Lentagran 45, Devrinol, Maxim 100 FS og Mizuki sem féllu undir umfang eftirlitsins, voru skoðaðar hjá fyrirtækinu og uppfylltu ekki kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Frávik frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. frest til 10. júlí 2025 til að senda stofnuninni:

- **Afrit af merkimiða vörunnar Neem Azal-T/S sem uppfærður er skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 varðandi kröfur um merkingar plöntuverndarvara með tímabundna skráningu.**
- **Afrit af merkimiða vörunnar Lentagran 45 sem uppfærður er skv. I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 547/2011 varðandi kröfur um merkingar plöntuverndarvara.**
- **Afrit af merkimiða vörunnar Maxim 100 FS sem uppfærður er skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 varðandi kröfur um merkingar plöntuverndarvara með tímabundna skráningu.**
- **Afrit af merkmiða vörunnar Devrinol sem uppfærður er skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 varðandi kröfur um merkingar plöntuverndarvara með tímabundna skráningu.**

- Staðfestingu (t.d. mynd) á að íslenskum merkimiða fyrir vöruna Mizuki sem tiltækur er hjá leyfishafa hafi verið komið fyrir á fyrirbyggjandi birgðum af vörunni hjá Samhentum Kassagerð hf.
- Varðandi frávik í tengslum við vöruna Stomp Aqua vísast í sérstakt bréf stofnunarinnar dags. 26. júní 2025.

Eftir að umbeðnir merkimiðar hafa verið uppfærðir og samþykktir af stofnuninni skulu fyrirbyggjandi vörubirgðir endurmerktar með uppfærðum merkimiðum. Staðfestingu (t.d. mynd) á endurmerkingunni skal skilað til stofnunarinnar á opinbera netfangið uos@uos.is merkt málsnúmerinu UOS2502032.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. frest til 10. júlí 2025 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfis- og orkustofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfis- og orkustofnunar með rökstuðningi fyrir 10. júlí 2025.

Umhverfis- og orkustofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfis- og orkustofnunar innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 569-6000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávik sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Ísak Sigurjón Bragason

Teymi efnamála